

Reykjanesbæ, 17. okt. 2023

Skipulagsfulltrúi Reykjanesbæjar,

Skipulagsstofnun samþykkti deiliskipulagstillögu á suðursvæði Njarðvíkurhafnar þann 13. júlí s.l. þar sem m.a. er fjallað um nýja skipakví og landfyllingu í Njarðvíkurhöfn. Viðfangsefnið er gerð sjóvarnargarðs og í framhaldi af því frekari uppbygging Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur á þurrkví, sem verður bylting fyrir aðstöðu til viðgerða og viðhalds íslenska skipaflotans.

Í framhaldi af samþykkt Skipulagsstofnunar birti bæjarstjóri Reykjanesbæjar auglýsingu í B-tíðindum Stjórnartíðinda 25. ágúst s.l. um hið sama.

Þar með var lokið formlegu skipulagsferli um verkefnið, eftir nær þriggja ára vandaðan undirbúning.

Þar sem lokið er nauðsynlegum forsendum fyrir uppbyggingu fyrirhugaðrar yfirbyggðar skipakvía

**sækir Skipasmíðastöð Njarðvíkur(SKN) formlega um aðstöðu fyrir yfirbyggða skipakví og lóð henni tengdri á umræddu svæði.**

Svæðið er stækkun út í hafnarsvæðið til austurs og stækkun á núverandi lóð Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur (SKN) til suð-austurs.

Þar sem fyrirhuguð skipakví liggur á svæði sem nú er sjór, utan strandlínu, er óskað tillagna frá Reykjanesbæ um hvernig skuli farið með úthlutun á umræddu svæði og tilhögun á greiðslu fyrir það. Til að gera botninn hæfan fyrir þurrkví er mikil dýpkunarvinna og uppgröftur framundan, sem SKN lýsir sig reiðubúið að vinna.

Því er mikilvægt að finna lausn á leiðum til að finna tilhlýðilegt greiðsluform fyrir svæðið.

Skipasmíðastöð Njarðvíkur óskar eftir góðu samstarfi um viðundandi lausnir en leggur áherslu á að málinu verði hraðað sem kostur er, þar sem frekari ákvarðanir um uppbyggingu byggja að sjálfsögðu á úthlutuðu svæði og gjaldi sem ákveðið er undir það

Fyrir hönd stjórnar SKN,

**Árni Sigfússon**

stjórnarformaður.